

200. fundur íþrótt- og tómstundanevndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. október 2019
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Elísabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Karen Gísladóttir aðalmaður, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður og Gylfi Ólafsson aðalmaður.

Embættismenn:

Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Stefanía Ásmundsdóttir, Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti íþrótt- og tómstundanevndar - 2014030027

Staða á verkefnalista kynnt.

Verkefnalisti lagður fram til kynningar.

2. Uppbyggingasamningar 2019 - 2018080049

Ósk um breytingar á uppbyggingasamningi SFÍ 2019

Nefndin samþykkir breytingu á uppbyggingarsamning við SFÍ.

3. Opnun íþróttamiðstöðvar á Þingeyri haust 2019 - 2019080037

Ósk um lengri opnunartíma í Íþróttamiðstöðinni á Þingeyri.

Nefndin tekur vel í erindið og fagnar auknum umsvifum íþróttamiðstöðvar. Nefndin leggur til aukningu á opnunartíma um 12 klukkustundir á viku til þess að mæta aukinni eftirspurn meðal annars vegna íþróttaviðburða aðildafélaga HSV. Nefndin leggur til að sviðsstjóri uppfæri kostnaðarmat og leggi fyrir bæjarráð.

4. Knattspyrna - 2019100046

Ósk um viðræður vegna vallarsvæðis á Torfnesi.

Nefndin óskar eftir samtali við Vestra - knattspyrnu. Sviðsstjóri vinnur málið áfram og kemur með greinargerð á næsta fund nefndarinnar.

5. Skapandi sumarstörf - 2019100027

Á 442. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 10. október sl. var samþykkt tillaga bæjarfulltrúa Í-listans um að íþrótt- og tómstundanevnd verði falið að skoða verkefni um skapandi sumarstörf fyrir ungt hæfileikafólk í sveitarfélaginu.

Markmiðið með skapandi sumarstörfum er að gera ungu hæfileikaríku fólki kleift að vinna að listum sínum og miðla til annarra.

Skapandi sumarstörf eru hugsuð fyrir einstaklinga og hópa sem hafa áhuga á að efla listsköpun sína og um leið glæða sveitarfélagið lífi með listrænum og skapandi

uppákomum, og styðja við sterka menningarímynd sveitarfélagsins. Svona störf henta ungmennum með fjölbreyttan áhuga, til dæmis á sviðslistum, kvikmyndagerð, myndlist eða tónlist afar vel. Starfið verði mótað að áhugasviði þátttakenda, en verkefnin þurfi að uppfylla ákveðna skapandi þjónustu við samfélagið, til að mynda með pop-up viðburðum við mismunandi tækifæri.

Nefndin þakkar fyrir áhugaverða tillögu. Nefndin vísar tillögu til atvinnu- og menningarmálanefndar þar sem nefndin telur að verkefnið falli betur þar undir.

6. Heilsa og lífshjör skólanema á Íslandi (HBSC) 2018 - 2019010011

Lögð fram kynning á niðurstöðum landslæknis um hjólræðið grunnskólabarna.

Lagt fram til kynningar. Nefndin þakkar fyrir áhugaverða kynningu og vísar kynningunni áfram til Heilsueflandi samfélags, ungmennaráðs og fræðslunefndar til umræðu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Karen Gísladóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Gylfi Ólafsson

Stefanía Helga Ásmundsdóttir